

Skólaárið 2025- 2026

Starfsáætlun Flóaskóla



Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Skipurit.....	6
2. Starfsfólk Flóaskóla.....	7
3. Skóladagatal	9
4. Skólahúsnæði og starfsstöðvar	10
5. Starfsáætlun nemenda, tilhögun kennslu og skipulag skólastarfs.....	10
Skóladagur nemenda í 1. - 4. bekk	10
Skóladagur nemenda í 5. - 7. bekk	11
Skóladagur nemenda í 8. – 10. bekk	11
List- og verkgreinar / VAL	12
Íþróttakennsla.....	12
Teymisvinna	12
Foreldra- og nemendasamtöl – samráðsdagur heimila og skóla.....	13
Náms- og starfsráðgjöf	13
6. Innra mat	14
7. Skólaráð og foreldrafélag	15
Skólaráð 2025 – 2026	15
Foreldrafélag 2025 – 2026	15
8. Skólareglur.....	16
9. Stoðþjónusta.....	17
Lausnateymi.....	17
Sérfræðiþjónusta	17
Skólaheilsugæsla	18
10. Tómsundastarf og félagslíf	18
Nemendafélag	18
Félagsmiðstöð.....	18
11. Viðbragðs- og öryggisáætlun	18
Öryggisráð.....	18
Skipan öryggisráðs.....	19
Rýmingaráætlun	20
Hlutverk starfsmanna við rýmingu	21
Viðbragðsáætlun vegna ófærðar og/eða óveðurs	22
Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs	23
Viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara.....	23
12. Önnur verkefni	24

Samstarf leikskóla og grunnskóla	24
Samstarf grunn- og framhaldsskóla	25
Skólar á grænni grein - Grænfáni	26
Heilsueflandi grunnskóli.....	26
UNESCO.....	26
Uppeldi til ábyrgðar	27
13. Sí- og endurmenntunaráætlun	27

Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 skal hver grunnskóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólanámskrár og starfsáætlunar og skulu þær unnar í samráði við kennara.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir starfstíma skólans, skóladagatali, tilhögun kennslu, stoðþjónustu, félagslífi og skólareglum. Þar eru einnig birtar upplýsingar um stjórnskipulag skólans, starfsfólk og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers árs. Umsagnaraðilar um starfsáætlun eru skólaráð og fræðslunefnd.


1. Skipurit

Stjórnendateymi Flóaskóla:

Skólastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Deildarstjóri og staðgengill skólastjóra: Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir

Deildarstjóri: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir



2. Starfsfólk Flóaskóla

Nafn	Starfsheiti
Anna Linda Gunnarsdóttir	Aðstoðarmatráður
Auðbjörg Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Elmar Viðarsson	Umsjónarkennari 9. bekk
Erla Jónatansdóttir	Myndmennta- og upplýsingatæknikennari
Erla Vigdís Rúnarsdóttir	Umsjónarkennari 8. bekk
Eva Björg Sigurðardóttir	Íslenskukennari
Eyrún Jónasdóttir	Tónmenntakennari og kórstjóri
Freyja Kristín Guðjónsdóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund
Guðmunda Bríet Steindórsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Hafðís Gígja Björnsdóttir	Umsjónarkennari 1.-4. bekk
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	Deildarstjóri
Heiður Eysteinsdóttir	Námsráðgjafi
Hjálmar Benónýsson	Íslenskukennari / leyfi haustönn 2025
Hulda Dís Þrastardóttir	Umsjónarkennari 5.-7. bekk
Íðunn Ýr Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari 5.-7. bekk og heimilisfræðikennari
Íris Grétarsdóttir	Umsjónarkennari 1- 4. bekk
Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir	Deildarstjóri og staðgengill skólastjóra
Jónas Steingrímsson	Stundakennari og stuðningsfulltrúi
Kolbrún Arnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund
Kolbrún Jóhanna Júlíusdóttir	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund
Kristín Lilja Sigurjónsdóttir	Í leyfi skólaárið 2025-2026
María Hödd Lindudóttir	Kennari í námsveri
Ólöf Kristín K. Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari 1.-4. bekk
Ósk Unnarsdóttir	Þroskaþjálfari
Pálína Jóhannsdóttir	Umsjónarkennari 10. bekk
Ragnar Gestsson	Kennari í hönnun og smíði
Rannveig Árnadóttir	Matráður
Rut Stefánsdóttir	Skólaritari
Sara Ægisdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigurbára Rúnarsdóttir	Þroskaþjálfari, verkefnastjóri með sértæka ábyrgð
Sigríður Einarsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Snædís Mjöll Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari 1.-4. bekk og textílkennari
Sveinn J. Ástvaldsson	Húsvörður
Unnur Bjarkadóttir	Umsjónarkennari 5. – 7. bekk
Þórunn Jónasdóttir	Skólastjóri
Örvar Rafn Hlíðdal	Íþróttakennari

Aðrir fagaðilar sem koma að starfi Flóaskóla:

Nafn	Starfsheiti
Anna Stefanía Vignisdóttir	Talmeinafræðingur
Anný Ingimarsdóttir	Deildarstjóri velferðarþjónustu
Sigrún Helgadóttir	Kennslu- og uppeldisráðgjafi
Edda Sigurjónsdóttir	Félagsráðgjafi

Harpa Hrönn Gísladóttir	Talmeinafræðingur
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir	Rágjafarþroskaþjálfari
Gunnlaug Hartmannsdóttir	Deildarstjóri skólaþjónustu
Henrietta Þóra Magnúsdóttir	Sálfræðingur
Guðrún Kristófersdóttir	Sálfræðingur

Skólabílstjórar við Flóaskóla:

Nafn

Starfsheiti

Brynjar Jón Stefánsson	Skólabílstjóri
Guðmundur V. Sigurðsson	Skólabílstjóri
Gunnar Páll Larsen	Skólabílstjóri
Runólfur Óli Daðason	Skólabílstjóri
Sigurður Þór Emilsson	Skólabílstjóri

3. Skóladagatal

Skóladagatal skólans er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur starfsfólk skólans, skólaráð og fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Fulltrúar nemenda og foreldra koma að vinnu skóladagatals í skólaráði og síðan kemur fræðslunefnd að málum. Skóladagatalið sýnir daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, skerta daga, viðtalsdaga og frídaga þ.e. jóla- og páskafrí, haust og vetrarfrí. Auk þess eru starfsdagar skilgreindir á skóladagatali, þá daga mæta nemendur ekki í skólann.

Flóaskóli				Skóladagatal 2025 - 2026												Samband íslenskra sveitarfélaga					
AUGUST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRUAR		MARS		APRIL		MÁJ		JÚNÍ	
1 F	1 M	1 M	1 M	1 L	1 L	1 M	1 M	1 M	1 M	1 F	1 S	1 S	1 S	1 S	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 M	
2 L	2 F	2 F	2 F	2 S	2 S	2 M	2 M	2 M	2 F	2 F	2 S	2 M	2 M	2 F	2 F	2 L	2 L	2 F	2 F	2 F	
3 S	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 F	3 F	3 S	3 S	3 S	3 F	3 F	3 S	3 S	3 M	3 M	3 M	
4 M	4 F	4 F	4 F	4 L	4 L	4 M	4 M	4 M	4 F	4 F	4 S	4 S	4 S	4 F	4 F	4 M	4 M	4 F	4 F	4 F	
5 F	5 M	5 M	5 M	5 S	5 S	5 M	5 M	5 M	5 F	5 F	5 S	5 S	5 S	5 F	5 F	5 M	5 M	5 F	5 F	5 F	
6 M	6 F	6 F	6 F	6 S	6 S	6 M	6 M	6 M	6 F	6 F	6 S	6 S	6 S	6 F	6 F	6 M	6 M	6 F	6 F	6 F	
7 F	7 M	7 M	7 M	7 S	7 S	7 M	7 M	7 M	7 F	7 F	7 S	7 S	7 S	7 F	7 F	7 M	7 M	7 F	7 F	7 F	
8 F	8 M	8 M	8 M	8 S	8 S	8 M	8 M	8 M	8 F	8 F	8 S	8 S	8 S	8 F	8 F	8 M	8 M	8 F	8 F	8 F	
9 L	9 M	9 M	9 M	9 S	9 S	9 M	9 M	9 M	9 F	9 F	9 S	9 S	9 S	9 F	9 F	9 M	9 M	9 F	9 F	9 F	
10 S	10 M	10 M	10 M	10 S	10 S	10 M	10 M	10 M	10 F	10 F	10 S	10 S	10 S	10 F	10 F	10 M	10 M	10 F	10 F	10 F	
11 M	11 F	11 F	11 F	11 S	11 S	11 M	11 M	11 M	11 F	11 F	11 S	11 S	11 S	11 F	11 F	11 M	11 M	11 F	11 F	11 F	
12 F	12 M	12 M	12 M	12 S	12 S	12 M	12 M	12 M	12 F	12 F	12 S	12 S	12 S	12 F	12 F	12 M	12 M	12 F	12 F	12 F	
13 M	13 F	13 F	13 F	13 S	13 S	13 M	13 M	13 M	13 F	13 F	13 S	13 S	13 S	13 F	13 F	13 M	13 M	13 F	13 F	13 F	
14 F	14 M	14 M	14 M	14 S	14 S	14 M	14 M	14 M	14 F	14 F	14 S	14 S	14 S	14 F	14 F	14 M	14 M	14 F	14 F	14 F	
15 F	15 M	15 M	15 M	15 S	15 S	15 M	15 M	15 M	15 F	15 F	15 S	15 S	15 S	15 F	15 F	15 M	15 M	15 F	15 F	15 F	
16 L	16 M	16 M	16 M	16 S	16 S	16 M	16 M	16 M	16 F	16 F	16 S	16 S	16 S	16 F	16 F	16 M	16 M	16 F	16 F	16 F	
17 S	17 M	17 M	17 M	17 S	17 S	17 M	17 M	17 M	17 F	17 F	17 S	17 S	17 S	17 F	17 F	17 M	17 M	17 F	17 F	17 F	
18 M	18 F	18 F	18 F	18 S	18 S	18 M	18 M	18 M	18 F	18 F	18 S	18 S	18 S	18 F	18 F	18 M	18 M	18 F	18 F	18 F	
19 S	19 M	19 M	19 M	19 S	19 S	19 M	19 M	19 M	19 F	19 F	19 S	19 S	19 S	19 F	19 F	19 M	19 M	19 F	19 F	19 F	
20 M	20 F	20 F	20 F	20 S	20 S	20 M	20 M	20 M	20 F	20 F	20 S	20 S	20 S	20 F	20 F	20 M	20 M	20 F	20 F	20 F	
21 F	21 M	21 M	21 M	21 S	21 S	21 M	21 M	21 M	21 F	21 F	21 S	21 S	21 S	21 F	21 F	21 M	21 M	21 F	21 F	21 F	
22 F	22 M	22 M	22 M	22 S	22 S	22 M	22 M	22 M	22 F	22 F	22 S	22 S	22 S	22 F	22 F	22 M	22 M	22 F	22 F	22 F	
23 L	23 M	23 M	23 M	23 S	23 S	23 M	23 M	23 M	23 F	23 F	23 S	23 S	23 S	23 F	23 F	23 M	23 M	23 F	23 F	23 F	
24 S	24 M	24 M	24 M	24 S	24 S	24 M	24 M	24 M	24 F	24 F	24 S	24 S	24 S	24 F	24 F	24 M	24 M	24 F	24 F	24 F	
25 M	25 F	25 F	25 F	25 S	25 S	25 M	25 M	25 M	25 F	25 F	25 S	25 S	25 S	25 F	25 F	25 M	25 M	25 F	25 F	25 F	
26 F	26 M	26 M	26 M	26 S	26 S	26 M	26 M	26 M	26 F	26 F	26 S	26 S	26 S	26 F	26 F	26 M	26 M	26 F	26 F	26 F	
27 M	27 L	27 M	27 M	27 S	27 S	27 M	27 M	27 M	27 F	27 F	27 S	27 S	27 S	27 F	27 F	27 M	27 M	27 F	27 F	27 F	
28 F	28 M	28 M	28 M	28 S	28 S	28 M	28 M	28 M	28 F	28 F	28 S	28 S	28 S	28 F	28 F	28 M	28 M	28 F	28 F	28 F	
29 F	29 M	29 M	29 M	29 S	29 S	29 M	29 M	29 M	29 F	29 F	29 S	29 S	29 S	29 F	29 F	29 M	29 M	29 F	29 F	29 F	
30 L	30 M	30 M	30 M	30 S	30 S	30 M	30 M	30 M	30 F	30 F	30 S	30 S	30 S	30 F	30 F	30 M	30 M	30 F	30 F	30 F	
31 S	31 F	31 F	31 F	31 S	31 S	31 M	31 M	31 M	31 F	31 F	31 S	31 S	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M	31 F	31 F	31 F	
0				22		20		18		20		18		20		18		16		0	
Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband				Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband		Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband		Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband		Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband		Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband		Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband		Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband		Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband		Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband Sveitarfélaga samband	
Sambætur kjörsmíðinga sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hljóðan af kjörsmíðingum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8. Í Flóaskóla eru tveir skertir dagar söðugess sem gera 180 nemendadaga yfir árið.																					

Viðburðadagatal

Til viðbótar við skóladagatal hefur Flóaskóli sérstakt viðburðadagatal þar sem tilgreindir eru viðburðir, vettvangsferðir og sérstök verkefni sem unnið er að á hverjum tíma. Viðburðadagatal er að finna á heimasíðu skólans folaskoli.is, [viðburðadagatal](#) . Rétt er að benda á að það getur tekið breytingum yfir skólaárið og er það uppfært eftir þörfum.

4. Skólahúsnæði og starfsstöðvar

Flóaskóli er staðsettur í Villingaholti í Flóahreppi og fer öll almenn bókleg kennsla fram þar. Kennsla í íþróttum fer fram í félagsheimilinu Þingborg. Í upphafi og lok skólaárs eru íþróttir kenndar utandyra, á skólalóð Flóaskóla, eins og veður leyfir. Sund er kennt í sundlauginni á Hellu og Laugalandi í Holtum. Skólaárið 2025-2026 standa yfir framkvæmdir í Þingborg á haustönn og þann tíma fer íþróttakennsla fram í Félagslundinu.

Mötuneyti skólans er staðsett í Þjósárverri sem stendur við hlið aðalbyggingar skólans.

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00 til kl. 14:00 alla kennsludaga. Sími skólans er 486-3460 og póstfangið floaskoli@floaskoli.is. Heimasíða skólans er www.floaskoli.is.

Samstarf er við Tónlistarskóla Árnesinga um aðstöðu í skólanum. Það skapar möguleika fyrir nemendur sem eru í tónlistarnámi að sækja tíma í hljóðfæraleik innan skóladagsins.

Á heimasíðu skólans er að finna Foreldrahandbók sem hefur að geyma hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra/forráðamenn varðandi skólastarfið. Auk þess má finna á heimasíðu skólans upplýsingar um skipulag skólaaksturs.

5. Starfsáætlun nemenda, tilhögun kennslu og skipulag skólastarfs

Flóaskóli er heildstæður grunnskóli frá 1. – 10. bekk með 107 nemendur, 5 – 16 nemendur í árgangi. Þegar nemendur eru færri en 10 í árgangi er ávallt metið hvort samkennsla með öðrum árgangi sé raunhæfur kostur og er þá sérstaklega tekið mið af samsetningu hópsins hvað varðar námslega stöðu og aðra þætti sem áhrif hafa á líðan nemenda. Aukin samkennsla er orðin milli árganga innan stiga burtséð frá fjölda nemenda í hverjum árgangi. Skólaárið 2025 – 2026 er um samkennslu að ræða í 1. - 4. bekk með fjóra umsjónarkennara og í 5.-7. bekk með þrjá umsjónarkennara. Nemendum er skipt upp í mismunandi námshópa þar sem tekið er mið af námsmarkmiðum, verkefnum og öðrum þáttum sem áhrif hafa á námsframvindu og líðan nemenda.

Allir nemendur skólans koma með skólabíl kl. 8:15 og fara heim kl. 14:10 en skipulag stundaskrár er mismunandi eftir árgöngum. Frímínútur eru tvisvar yfir skóladaginn, nemendur á yngri stigi fara í útiveru, nemendur 5.-7. bekkja fara í útiveru í hádegisfrímínútum en er heimilt að vera inni í morgunfrímínútum. Nemendum í 8.-10. bekk er heimilt að vera innandyra í frímínútum. Komið hefur verið upp góðri afþreyingaraðstöðu í Þjósárverri sem nemendur geta nýtt sér í frímínútum. Við Flóaskóla er lögð sérstök áhersla á kennslu í lífsleikni. Umsjónarkennarar hafa eina kennslustund á viku, H-H-H tíma, sem vísa til einkunnarorða skólans, Hugur, Hjarta, Hönd. Þar gefst umsjónarkennara tími í margvíslega vinnu með nemendum eins og umræður um bekkjarbrag, vinnu með gildi bekkjarins og umræður um samskipti og önnur málefni sem upp koma. Nemendur í 1. - 4. bekk vinna með vinaverkefnið Blæ og fléttast sú vinna inn í bekkjarsáttmála þeirra. Skipulag skóladagsins er mismunandi milli árganga.

Skóladagur nemenda í 1. - 4. bekk

Skóladagurinn hefst kl. 8:20. Frímínútur eru tvisvar sinnum og eru tuttugu mínútur í senn. Fyrri frímínútur eru kl. 10:00 og seinni kl. 12:00 í framhaldi af hádegismat sem er í boði fyrir alla nemendur. Áður en farið er í fyrri frímínútur er nemendum boðið upp á morgunmat, hafragraut/morgunkorn og ávexti. Kennslu lýkur mánudaga til fimmtudaga kl. 14:00 og á föstudögum

kl. 11:40. Nemendur eru með 30 kennslustundir í stundatöflu á viku. Á föstudögum kl. 12:20 – 13:40 stendur nemendum í 2. – 4. bekk til boða að sækja frjálssíþróttæfingar í samvinnu við Ungmennafélagið Þjótanda í Þingborg.

Kennarar í 1.-4. bekk vinna saman í teymi og kenna nemendum að hluta til í blönduðum námshópum þar sem tekið er mið af námsmarkmiðum, verkefnum og öðrum þáttum sem áhrif hafa á námsframvindu og líðan nemenda. Fjórar kennslustundir á viku kallast þema, þá er unnið samþætt og aldursblandað innan stigsins. Þetta gefur aukinn sveigjanleika í skólastarfið og auðveldar þverfaglega samvinnu auk þess sem þetta eflir enn frekar teymisvinnu kennara og stoðþjónustu.

Í 1. – 4. bekk er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun með þjálfun í skólafærni, samvinnu og samskiptum nemenda í smærri hópum. Fyrstu skólaárin er lestrarnám nemenda meginviðfangsefnið og markvisst unnið að því að greina þá þætti sem nemendur eiga erfitt með, bæði námslega og félagslega, og nauðsynlegt er að bregðast við sem fyrst með sérstakri aðstoð.

Skóladagur nemenda í 5. - 7. bekk

Skóladagurinn hefst kl. 8:20. Frímínútur eru tvisvar sinnum, fyrri frímínútur eru kl. 9:50 og seinni kl. 12:10 í framhaldi af hádegismat sem er í boði fyrir alla nemendur. Áður en farið er í fyrri frímínútur er nemendum boðið upp á morgunmat, hafragraut/morgunkorn og ávexti. Nemendur í 5.-7. bekk eru með 35 kennslustundir í stundatöflu á viku og lýkur skóladag þeirra kl. 14:00. Kennarar í 5. – 7. bekk vinna saman í teymi og kenna nemendum í blönduðum námshópum þar sem tekið er mið af námsmarkmiðum, verkefnum og öðrum þáttum sem áhrif hafa á námsframvindu og líðan nemenda. Sex kennslustundir á viku kallast þema, þá er unnið samþætt og aldursblandað innan stigsins. Þetta gefur aukinn sveigjanleika í skólastarfið og auðveldar þverfaglega samvinnu auk þess sem þetta eflir enn frekar teymisvinnu kennara og stoðþjónustu. Þetta fyrirkomulag gefur nemendum möguleika á að efla/þjálfa námstækni og skipulögð vinnubrögð auk þess sem það stuðlar að aukinni ábyrgð þeirra á eigin námi. Kl. 13:40 á miðvikudögum stendur nemendum til boða að sækja frjálssíþróttæfingar í samvinnu við Ungmennafélagið Þjótanda í Þingborg. Fjóra fimmtudaga á skólaárinu er unnið í samstarfi við grunnskólana í Uppsveitum Árnessýslu, þá hittast allir nemendur á miðstigi í einum skólanna og vinna saman í þann daginn.

Markvisst er unnið með að efla þrautseigju nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi, verkefnaskilum og heimanámi. Nemendur fá allar upplýsingar um verkefni og skil á þeim inn á Google Classroom auk þess sem verkefnum á rafrænu formi er skilað þar inn. Á haustönn er unnið að því að kynna þetta verkefnaumhverfi fyrir 5. bekk.

Skóladagur nemenda í 8. – 10. bekk

Skóladagurinn hefst kl. 8:20 og lýkur kennslu kl. 14:00. Frímínútur eru kl. 10:00. Hádegishlé og seinni frímínútur eru kl. 12:10. Nemendur í 8. – 10. bekk eru með 35 kennslustundir í stundatöflu. Fjögur skipti á skólaárinu eru nemendur svo í smiðjum með grunnskólunum í Uppsveitum Árnessýslu. Þá hittast allir nemendur á elsta stigi þessara skóla í einum skólanum og eru saman í fjölbreyttu vali. Unnið er frá 13:00-19:00 á fimmtudegi og 9:00-15:00 á föstudegi, þessi tími samsvarar einni kennslustund á viku yfir skólaárið. Nemendur fá svo einn tíma metinn í val utan skóla, en það eru tómstundir sem nemendur sinna utan skóla. Sex kennslustundir á viku kallast þema, þá er unnið samþætt og aldursblandað innan stigsins. Þetta gefur aukinn sveigjanleika í skólastarfið og auðveldar þverfaglega samvinnu auk þess sem þetta eflir enn frekar teymisvinnu kennara og stoðþjónustu.

Nemendur hafa eina kennslustund á viku með umsjónarkennara sínum þar sem unnið er með lífsleikni, samskipti og önnur hugðarefni sem nemendur vilja ræða og fræðast um. Þessir tímar nefnast H-H-H sem stendur fyrir gildi skólans Hugur-Hjarta-Hönd og er m.a. lögð áhersla á að samþætta gildin við nám nemenda og byggja upp/vinna með jákvæðan skólabrag. Þetta fyrirkomulag gefur nemendum möguleika á að efla/þjálfa námstækni og skipulögð vinnubrögð auk þess sem það stuðlar að aukinni ábyrgð þeirra á eigin námi. Markvisst er unnið með að efla þrautseigju nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi, verkefnaskilum og heimanámi. Nemendur fá allar upplýsingar um verkefni og skil á þeim inn á Google Classroom auk þess sem verkefnum á rafrænu formi er skilað þar inn.

List- og verkgreinar / VAL

Kennslustundir í list- og verkgreinunum heimilisfræði, textíl, smíði og myndmennt hjá 1. – 7. bekk eru 4 kennslustundir á viku en auk þess fá nemendur kennslu í dansi og taka þátt í sýningum s.s. árshátíð og jólas kemmtun. 1.-6. bekkur er eina kennslustund á viku í tónmennt og upplýsingatækni er kennd í lotum á móti sundi í öllum bekkjum, alls um ein kennslustund á viku að meðaltali.

Auk þessa eru tvær kennslustundir á viku í vali hjá 5.-7. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að velja viðfangsefni eftir áhugasviði.

Undanfarin ár hefur verið í gangi þróunarverkefni þar sem nemendur í 5. bekk hafa hannað og smíðað eigið langspil og fengið grunnþjálfun í að leika á það. Þetta verkefni er að festa sig í sessi í skólanum verður áfram unnið að því undir handleiðslu Eyjólfss Eyjólfssonar í samstarfi við smíðakennara og tónmenntakennara. Í febrúar er haldin langspilsvaka þar sem nemendur koma fram og leika á hljóðfæri sín.

Nemendur í 9.-10. bekk fá fjóra og hálfa kennslustund í frjálsum vali á viku þar sem þeim gefst kostur á að velja viðfangsefni eftir áhugasviði. Skólaárinu er þá skipt upp í 4 lotur, hver lota er um 8-9 vikur. Framboð á vali tekur mið af áhuga nemenda og kunnáttu og hæfni starfsmanna Flóaskóla hverju sinni. Einnig getur verið um það að ræða að utanaðkomandi aðili komi tímabundið að kennslu í vali.

Samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár hafa nemendur möguleika á að fara starfskynningu/þjálfun eða fá metnar íþróttæfingar, tónlistarnám eða aðrar reglubundnar tómstundir sem þeir sinna utan skóla. Foreldrar staðfesta slíkt val með undirskrift á sérstöku eyðublaði.

Íþróttakennsla

Íþróttir eru kenndar í tveimur samliggjandi kennslustundum einu sinni í viku. Sund er einnig kennt í tveimur samliggjandi kennslustundum og fara nemendur í tvær 8 - 9 vikna lotur yfir veturinn, fyrir og eftir áramót. Nemendur á yngsta stigi taka hlé í sundkennslu í janúar og febrúar og fara þá í íþróttir í staðinn.

Teymisvinna

Teymisvinna hefur verið í þróun í Flóaskóla frá 2019. Grunnur teymisvinnunnar eru þverfagleg árgangateymi sem skipuð eru kennurum, fagaðilum stoðþjónustu og stuðningsfulltrúum. Hlutverk árgangateyma er að vinna saman að námi og velferð nemenda. Áhersla er lögð á að kortleggja og mæta einstaklingsþörfum nemenda, miðla upplýsingum og deila og dreifa ábyrgð innan teymisins. Teymin vinna saman að skipulagi kennslu þar sem unnið er þvert á árganga að ýmsum verkefnum. Árgangateymi eru þrjú, 1. – 4. bekkur, 5. -7. bekkur og 8.– 10. bekkur. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar ráðast niður í teymin eftir því hvar þeir kenna flesta tíma. Auk árgangateyma eru

teymi fagkennara. Það skapar kennurum aukin tækifæri til samstarfs og þátttöku í þverfaglegum verkefnum og skapar samfellu í námi nemenda.

Skipulag árgangateyma getur tekið breytingum milli ára og tekur mið af fjölda og samsetningu nemendahópsins. Með þessu fyrirkomulagi skapast sveigjanleiki til að sinna margvíslegum þörfum hvers nemanda, efla einstaklingsmiðað nám og stuðla að aukinni samvinnu kennara og annarra sem koma að vinnu með nemendum. Auk þess skapast tækifæri til að færa stoðþjónustu markvissar inn í dagleg verkefni nemenda yfir skóladaginn.

Starfandi teymi innan skólans eru:

- Árgangateymi
 - 1.-4. bekkur, kennarar, stuðningsfulltrúar, þroskaþjálfari
 - 5.-7. bekkur, kennarar, stuðningsfulltrúar, þroskaþjálfari
 - 8.-10. bekkur, kennarar, stuðningsfulltrúar, þroskaþjálfari
- Teymi faggreinakennara
- Stjórnendateymi
- Stuðningsfulltrúateymi
- Lausnateymi
- Stýrihópar verkefna

Fagteymi og stýrihópar verkefna vinna að umbótum og þróun á skólastarfinu.

Foreldra- og nemendasamtöl – samráðsdagur heimila og skóla

Á skóladagatali Flóaskóla eru tveir dagar ætlaðir til nemenda-/foreldrasamtala þar sem nemendur mæta með foreldrum/forráðamönnum sínum til fundar við umsjónarkennara. Fyrri samtalið verður 8. október, það viðtal verður nemendastýrt þannig að nemendur undirbúa samtalið og stýra því með aðstoð umsjónarkennara. Megináhersla er lögð á að ræða líðan og stöðu í upphafi skólaárs. Seinna samtalið verður 10. febrúar þar sem farið er yfir námslega stöðu, líðan og annað sem viðkemur náminu. Þess á milli fylgjast nemendur og foreldrar/forráðamenn með hæfniviðmiðum, námsmarkmiðum og námsframvindu á Mentor þar sem skráðar er upplýsingar sem tengjast náminu.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi er í 20% starfi við Flóaskóla og er að jafnaði einn dag í viku í skólanum. Hann sinnir skipulagi og úrvinnslu mála sem tengjast öllum skólanum og málefnum nemenda.

Náms- og starfsráðgjafi aðstoðar nemendur við að efla þekkingu þeirra og skilning á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi. Auk þess að aðstoða nemendur við ígrundað val á námi og/eða starfi að loknu grunnskólanámi. Helstu viðfangsefni náms- og starfsráðgjafa eru:

- Náms- og starfsfræðsla
- Skipulag starfskynninga og skólaheimsóknna
- Aðstoð við náms- og starfsval m.a. áhugasviðsgreiningu
- Veita fræðslu og ráðgjöf um námstækni og skipulögð vinnubrögð
- Persónuleg ráðgjöf og stuðningur
- Standa vörð um velferð og hagsmuni allra nemenda

Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðar- og talsmaður nemenda. Hann er bundinn þagnarskyldu um einkamál þeirra en er undanþeginn þagnarskyldu þegar líf, heilsa og öryggi nemenda er í húfi. Einnig ef nemandi greinir frá lögbroti.

6. Innra mat

Stjórnendur í samráði við starfsmenn leggja mat á árangur út frá stefnu og áherslum í skólastarfinu og vinna umbótaáætlun í lok skólaárs. Matsteymi er skipað skólastjóra og starfsmönnum sem sitja í þróunar- og matsteymi. Unnið var ytra mat á skólastarfi Flóaskóla á vegum Menntamálastofnunar 2021. Í kjölfar þess var unnin umbótaáætlun til að efla skólastarfið. Skilað var lokaskýrslu til MMS vorið 2024.

Innra mat Flóaskóla 2025 - 2026 er unnið út frá eftirfarandi þáttum:

- **Mat á innra starfi - námi og kennslu:**
 - Jafningja- og sjálfsmat kennara: Tveir kennarar munu sitja kennslustundir hvor hjá öðrum og leggja mat á skilgreinda þætti. Jafnframt sinna kennarar sjálfsmati á sömu þáttum þess á milli. Á grundvelli þessa mats skila kennarar tillögum til matsteymis að umbótaverkefnum næsta skólaár
 - Stjórnendateymi skólans heimsækir reglulega kennslustundir og metur skipulag og gæði kennslu
 - Tengslakönnun lögð fyrir nemendur
 - Skólaþing nemenda
 - Kennarar og þroskaþjálfar meta gæði náms og kennslu út frá gæðastaðli Bravo Lesson
 - Sjálfs- og jafningjamat nemenda – nemendur meta eigin vinnu og færni á einfaldan hátt
- **Skólapúlsinn:** Um er að ræða rafræna könnun sem unnin er af Skólapúlsinum. Könnun er lögð fyrir nemendur í janúar 2026. Könnun er lögð fyrir foreldra/forráðamenn og starfsmenn í febrúar annað hvert ár og svara starfsmenn skólaárið 2025 - 2026.
- **Lesferill:** Niðurstöður lesferils eru nýttar til að meta stöðu nemenda í lestri og á grundvelli þeirra eru sett markmið og áætlanir um hvar og hvernig megi efla og bæta lestrarþjálfun. Auk þess eru niðurstöður nýttar til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.
- Lesfimiþróf og stuðningsþróf þeirra verða hluti af Matsferli og munu allir skólar leggja þau fyrir í gegnum nýtt viðmót Matsferils frá og með **1. janúar 2026**. Fyrirlögn í september verður hins vegar með sama sniði og áður, þ.e. prófin verða lögð fyrir nemendur í gegnum Skólagátt.
- Samræmd stöðu- og framvindupróf Matsferils í lesskilningi og stærðfræði verða lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkjar, en boðið verður upp á opinn prófaglugga frá **2. – 27. mars 2026**.
- **Fagleg umræða:** Skólastarfið er reglulega rætt og metið á kennarafundum, fagfundum og sérstökum rýnifundum skólastjóra og fulltrúa starfsmanna. Áhersla er lögð á að leita uppi styrkleika og sóknarfæri til að efla skólastarfið.
- **Starfsmannasamtöl:** Mat lagt á viðfangsefni og líðan starfsmanna, aðbúnað á vinnustað og þörf fyrir fræðslu og/eða þjálfun.

7. Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð 2025 – 2026

Skólaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir skólaárið og tekur fyrir þá þætti sem því er ætlað að sinna samkvæmt reglugerð. Skólaráð setur sér starfsáætlun fyrir skólaárið á fyrsta fundi skólaársins sem verður birt á heimasíðu skólans.

Skólaráð er skipað sem hér segir:

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri
Erla Jónatansdóttir, fulltrúi kennara (2024-2026)
Eva Björg Sigurðardóttir, fulltrúi kennara (2025-2027)
Ósk Unnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna (2022-2026)
Catharina Marie Berta Krentel, fulltrúi foreldra (2023-2027)
Bryndís Eva Óskarsdóttir, fulltrúi nemenda (2024-2026)
Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson, fulltrúi grenndarsamfélags (2023-2027)
Garðar Þór Jónsson 10. bekk, fulltrúi nemenda (2023-2025)
Ástrós Björt Eiríksdóttir 9. bekk, fulltrúi nemenda (2024-2026)
Ritari: Jóhanna M Eðvaldsdóttir

Foreldrafélag 2025 – 2026

Allir foreldrar/forráðamenn nemenda við Flóaskóla eru félagar í foreldrafélaginu. Tilgangur félagsins er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Félagið stendur fyrir reglulegum viðburðum fyrir nemendur og foreldra/forráðamenn og er m.a. með félagsvist, fræðslu og aðra viðburði í samvinnu við stjórnendur. Hefð hefur skapast fyrir því að foreldrafélagið sjái um veitingar við skólaslit.

Stjórn foreldrafélags Flóaskóla er skipuð sem hér segir:

Formaður Elísabet Ýr Nordahl (2023 – 2027)
Ritari Bjarni Ólafsson (2024-2027)
Gjaldkeri Fanney Ólafsdóttir (2025 – 2027)
Varamaður: Eydís Rós Eyglóardóttir (2025 – 2027)
Varamaður: Katrín Ástráðsdóttir (2021 – 2026)

Fulltrúar foreldra í skólaráði og fræðslunefnd:

Catharina Marie Berta Krentel (2023 – 2027)
Bryndís Eva Óskarsdóttir (2024 – 2026)

Skoðunarmaður reikninga:

Walter Fannar Kristjánsson (2022-2026)

Varaskoðunarmaður reikninga:

Snædís Mjöll Kristjánsdóttir (2024-2026)

8. Skólareglur

Skólareglur

Ástundun náms

- Við berum ábyrgð á eigin námi
- Við sýnum vinnusemi og vinnufrið í kennslustund

Samskipti

- Við sýnum virðingu og umburðarlyndi.
- Við berum ábyrgð á hegðun okkar og framkomu.

Umgengni

- Við göngum vel um húsnæði, lóð og eigur skólans
- Við förum vel með námsgögn
- Við berum ábyrgð á persónulegum eigum okkar

Stundvísir

- Við mætum í kennslustundir á réttum tíma
- Við mætum í skólabíl á réttum tíma

Heilbrigðar lífsvenjur

- Við tileinkum okkur hollustu og heilbrigðar lífsvenjur
- Neysla gosdrykkja og sælgætis er alla jafna ekki leyfileg á skólatíma

Viðbrögð ef skólareglum er ekki fylgt

1. Fylgi nemandi ekki skólareglum þarf hann að eiga samtál við starfsmann skólans og koma með hugmynd að lausn um hvernig hann geti bætt sig
2. Neiti nemandinn samvinnu hefur umsjónakennari samband við foreldra og leitar frekari lausna
3. Komi ítrekað til þess að nemandi fylgi ekki skólareglum er málinu vísað til lausnateymis skólans sem fjallar um málið og finnur því réttan farveg

Við samþykkjum aldrei

- Ógnandi hegðun eða ofbeldi að nokkru tagi, skemmdarverk og þjófnað
- Neyslu orkudrykkja, tóbaks, veips, áfengis og/eða annarra vímuefna í skólanum

Viðbrögð:

1. Nemandi er tekinn úr aðstæðum
2. Umsjónarkennari og/eða skólastjórnendur hafa samband við foreldra/forsjáraðila og tilkynna atvik
3. Skólastjórnendur funda með nemanda og foreldrum/forsjáraðilum og vinna að lausn mála

Snjalltæki

Notkun snjalltækja í kennslustundum skal vera í samráði við kennara

Umsjónarkennari upplýsir foreldra, eins fljótt og auðið er, ef nemandi fylgir ekki skólareglum. Skólareglurnar eru byggðar á gildandi grunnskólalögum (2008), aðalnámskrá grunnskóla (2011) og reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum (2011).

9. Stoðþjónusta

Stoðþjónusta er heiti yfir þau úrræði sem skólinn býr yfir og er ætlað að stuðla að alhliða þroska nemenda. Leitast er við að styrkja sjálfsmynd nemenda með því að leggja áherslu á styrkleika og um leið efla aðra þætti á jákvæðan hátt. Markmið stoðþjónustunnar er ávallt að sinna þörfum hvers og eins með stuðningi og kennslu við hæfi, í lengri eða skemmri tíma.

Stuðningur fer ýmist fram innan eða utan bekkjar, í litlum hópum eða í einstaklingstímum. Ef nemandi vikur verulega frá námsmarkmiðum bekkjarins er útbúin einstaklingsnámskrá í samvinnu við forráðamenn.

Starfsmenn skólans sem koma að stoðþjónustunni eru (sér)kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar. Mikilvægt er að þeir sem sinna nemandanum, bæði í skólanum og heima, vinni saman að lausnum og settum markmiðum.

Á yngra stigi er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun. Þar er unnið markvisst að því að efla hljóðkerfisvitund nemenda með málörvun, fjölbreyttum orðaforða, þjálfun í lesfimi og lesskilningi nemenda. Einnig er fylgst með námi, líðan og félagslegri stöðu og brugðist við ef þurfa þykir.

Stuðningur við eldri nemendur nær jafnt til náms-, félags- og tilfinningalegra þátta ásamt því að lögð er áhersla á námstækni, seiglu og ábyrgð á eigin námi. Eins er lögð áhersla á að þjálfa nemendur með skilgreindan vanda í að nýta sér þau hjálpartæki sem í boði eru samhliða því að styrkja þá þætti sem áður voru nefndir.

Lausnateymi

Við Flóaskóla starfar hópur fagaðila með breiða faglega þekkingu á þörfum og úrræðum fyrir nemendur með erfiðleika sem áhrif hafa á líðan og framgang í námi. Hlutverk lausnateymis er að fjalla um erindi sem koma inn á borð teymisins frá kennurum og öðrum starfsmönnum skólans, greina þau og finna viðeigandi úrræði innan skólans. Ef ekki finnst lausn er erindi lagt fyrir nemendaverndarráð og óskað eftir aðkomu utanaðkomandi sérfræðinga. Lausnateymi fundar tvisvar í mánuði og er skipað stjórnendum skólans og fagaðilum stoðþjónustu ásamt kennurum/starfsfólki sem koma að einstökum málum. Með þessu verklagi er markvisst unnið að lausn mála innan skólans. Mál sem fara til umfjöllunar í nemendaverndarráði eru auk þess betur undirbúin og búið er að greina þörf fyrir aukna þjónustu utanaðkomandi aðila.

Sérfræðiþjónusta

Sálfræðingur á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sinnir málefnum nemenda við Flóaskóla. Óskir um þjónustu sálfræðings berast frá lausnateymi og/eða nemendaverndarráði og byggja á upplýsingum frá kennurum, fagaðilum stoðþjónustu, stjórnendum eða foreldrum/forráðamönnum. Foreldrum/forráðamönnum er bent á að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjórnendur óski þeir eftir viðtali við skólasálfræðing. Kennarar, stjórnendur eða foreldrar/forráðamenn geta óskað eftir aðkomu kennsluráðgjafa að málefnum einstakra nemenda eða bekkjardeilda. Tengiliðir farsældar stýra stoðþjónustunni og eru tengiliðir skóla við Skóla- og velferðarþjónustu. Tengiliðir farsældar í Flóaskóla eru Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Sigurbára Rúnarsdóttir.

Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur Flóaskóla er Sigríður Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hjúkrunarfræðingur hefur fasta viðveru í Flóaskóla fyrir hádegi á mánudögum og fimmtudögum auk þess sem hún situr fundi nemendaverndarráðs einu sinni í mánuði. Upplýsingar um verkefni skólahjúkrunarfræðings í hverjum árgangi fyrir sig má finna á vefsíðunni:

<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/throskaferlid/heilsuvernd-barna/heilsuvernd-skolabarna/>

10. Tólstundastarf og félagslíf

Nemendafélag

Í Flóaskóla er starfrækt nemendafélag sem vinnur m.a. að félags- hagsmuna og velferðarmálum nemenda. Stjórn félagsins er skipuð sex fulltrúum nemenda í 8.-10. bekk, tveimur úr hverjum árgangi. Kosning í stjórn fer fram undir stjórn umsjónarkennara í hverjum árgangi. Hlutverk stjórnar er að skipuleggja og halda uppi félagsstarfi í skólanum, efla félagslegan áhuga nemenda, standa vörð um hagsmunum og velferð nemenda og vinna með stjórnendum að bættum aðbúnaði nemenda. Fundir stjórnar nemendafélagsins skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði á starfstíma skóla. Umsjónarmaður nemendafélags er María Hödd Lindudóttir. Tveir fulltrúar úr stjórn skulu vera fulltrúar nemenda í skólaráði.

Stjórn nemendafélagsins skólaárið 2025 – 2026:

Elfa Rún Heimisdóttir 10. bekk

Garðar Þór Jónsson 10. bekk, fulltrúi í skólaráði

Ástrós Björt Eiríksdóttir 9. bekk, fulltrúi í skólaráði

Gísli Svavar Sigurðsson 9. bekk

Guðbjörg Erla Annýjardóttir 8. bekk

Nökkvi Steinn Jónsson 8. bekk

Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöð er starfsrækt við Flóaskóla fyrir nemendur í 7. – 10. bekk. Örvar Rafn Hlíðdal íþróttakennari hefur umsjón með því starfi. Félagsmiðstöðin er opin tvö kvöld í mánuði. Auk þess sækja nemendur viðburði sem skipulagðir eru í samstarfi félagsmiðstöðva á Suðurlandi eða á landsvísu.

11. Viðbragðs- og öryggisáætlun

Í viðbragðs- og öryggisáætlun Flóaskóla er gerð grein fyrir viðbrögðum við hættuástandi, hlutverk öryggisráðs og starfsfólks þegar hættuástand hefur komið upp eða er yfirvofandi, rýmingaráætlun og óveðursáætlun.

Öryggisráð

Við Flóaskóla er starfandi öryggisráð og eru fastir fundir öryggisráðs í upphafi hvers skólaárs. Það fer yfir viðbragðs- og öryggisáætlun, áætlanir um fræðslu og tímasetningar rýmingaráfinga. Auk þess fer

Það yfir áætlun síðasta árs og vinnur að úrbótum eftir þörfum. Aðrir fundir eru boðaðir þegar tilefni er til en ráðið skal funda a.m.k. tvisvar sinnum yfir skólaárið.

Hlutverk þess er að:

- Sjá um verkstjórn ásamt skólastjórnendum ef hættuástand skapast eða er yfirvofandi.
- Taka saman upplýsingar sem nauðsynlegar eru í öryggismöppur og uppfæra eftir þörfum. Öryggismöppur skulu vera í öllum kennslustofum og á skrifstofu skólans. Í öryggismöppum skulu vera nafnalistar nemenda, rýmingaráætlun, teikning sem sýnir flóttaleiðir og söfnunarsvæði á skólalóð, rautt og grænt merki.
- Yfirfara rýmingaráætlun og skipuleggja rýmingaræfingar a.m.k. einu sinni á skólaári.
- Taka þátt í endurskoðun viðbragðsáætlunar um röskun á skólastarfi vegna slæms veðurs og færðar með skólastjórnendum.
- Kynna viðbragðs- og öryggisáætlun, þar með talið rýmingaráætlun, fyrir starfsfólki skólans.
- Kynna áætlanir Almannavarna um viðbrögð við jarðskjálftum, náttúruhamförum, smitsjúkdómum eða annarri vá.
- Skipuleggja skyndihjálpar- og eldvarnarnámskeið fyrir starfsfólk í samráði við skólastjóra. Allir starfsmenn skulu sækja skyndihjálparnámskeið á tveggja ára fresti. Á þriggja til fimm ára fresti skal haldið eldvarnarnámskeið fyrir alla starfsmenn.

Skipan öryggisráðs

Fulltrúi 2025 - 2026	Starfsheiti	Hlutverk - ábyrgð
Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir	Deildarstjóri	Rýmingarstjóri Kallar saman öryggisráð og stýrir fundum þess
Rut Stefánsdóttir	Ritari	Umsjón með öryggismöppum, nemenda- og starfsmannalistum og mætingalistum
Sveinn Júlíus Ástvaldsson	Húsvörður	Eldvarnarfulltrúi, sinnir mánaðarlegu eldvarnareftirliti, þar meðtalið eftirlit með brunakerfi og flóttaleiðum
Elmar Viðarsson	Kennari	Öryggistrúnaðarmaður / öryggisvörður
Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Eldvarnarfulltrúi, tekur þátt í mánaðarlegu eldvarnareftirliti.
Aðrir starfsmenn sem starfa með öryggisráði þegar aðstæður krefja:		
Þórunn Jónasdóttir	Skólastjóri	Skólastjóri er eini tengiliður við fjölmiðla og ber starfsmönnum að vísa á hann.
Sigríður Einarasdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur	Tengiliður við heilbrigðiskerfi. Fer reglulega yfir skyndihjálpartöskur skólans til að tryggja að í þeim séu öll nauðsynleg gögn.

Rýmingaráætlun

Í hverri kennslustofu er öryggismappa sem hefur að geyma nemendalista, teikningar sem sýna flóttaleiðir og söfnunarsvæði á skólalóð, rautt og grænt merki.

Þegar hættuástand skapast í skólanum, s.s. vegna elds, getur þurft að rýma skólabygginguna á sem skemmstum tíma. Í öllum kennslustofum og öðrum rýmum skólans er að finna yfirlitsmyndir sem sýna útgönguleiðir úr skólabyggingunni.

Ferill við rýmingu er eftirfarandi:

1. Húsvörður, skólastjórnandi/staðgengill slekkur á bjöllu og athugar hvort og þá hvar eldur sé laus í húsinu. Ef um eld er að ræða er bjallan endurræst og er það merki um að rýma þurfi húsið.
2. Kennari skipar nemendum í sinni umsjón í röð inni í kennslurými og gengur úr skugga um að engan vanti.
3. Gengið er rakleiðis að næsta neyðarútgangi. Kennari tekur með sér öryggismöppu sem er til staðar í öllum kennslustofum. Ef stuðningsfulltrúi er með kennara í tíma fylgir hann hópnum. Ef nemendur eru í útiveru á skólalóð fylgja þeir umsjónaraðila að safnsvæði.
4. Stuðningsfulltrúar og annað starfsfólk sem ekki er við kennslu við þessar aðstæður hafa eftirlit með snyrtingum og öðru rými á leið sinni út úr húsi til að tryggja að enginn nemandi sé eftir í þeim rýmum.
5. Á safnsvæði (fótboltavöllur – gervigras) kanna kennarar hvort allir nemendur séu komnir á safnsvæði og rétta í framhaldi upp grænt eða rautt spjald. Ritari staðfestir á safnsvæði mætingu við kennara/starfsfólk.
6. Ef veður er vont og bið er á að komast inn í skólann er farið í Þjórsárver í skjól.
7. Skólastjórnendur og húsvörður, eða staðgenglar þeirra, líta eftir því að allt gangi eðlilega fyrir sig á safnsvæði.
8. Slökkvilið kemur að skólanum, skólastjórnendur gefa varðstjóra upplýsingar um hvort og þá hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
9. Fulltrúi slökkviliðs aflýsir hættuástandi.

Hlutverk starfsmanna við rýmingu

Allir starfsmenn bera ábyrgð á að þekkja sitt hlutverk, halda ró sinni og aðstoða nemendur eftir þörfum. Starfsmenn þurfa að vera tilbúnir að styðja við nemendur sem finna fyrir vanlíðan og kvíða. Einnig þurfa starfsmenn að hafa ofan af fyrir nemendum á meðan þeir bíða frekari fyrirmæla. Starfsmenn skulu taka allar hurðir úr lás á leið út úr húsinu til að auðvelda björgunarstörf. Mikilvægt er að starfsmenn þekki vel aðstæður í skólahúsnaðinu, viti hvar næsti neyðarútgangur er og hvar brunaslöngur og slökkvitæki eru staðsett.

Skólastjóri / staðgengill hefur yfirsýn og sér um samskipti við slökkvilið og aðra neyðarstarfsmenn.

Húsvörður skoðar ásamt skólastjóra brunaboðatöflu til að greina hvort og þá hvar eldur logar.

Rýmingarstjóri hefur eftirlit með rýmingu skólahúsnaðis og er að jafnaði sá aðili sem síðast fer út úr húsi.

Ritari ber ábyrgð á og tryggir að hringt sé í slökkvilið, tekur öryggismöppu ritara, fjarvistaskrá og sjúkratösku með út á söfnunarsvæði.

Kennari ber ábyrgð á sínum nemendahópi. Hann tekur öryggismöppu með sér út úr húsinu, tekur manntal þegar komið er á söfnunarsvæði og upplýsir ritara um nemendur sem vantar. Kennarar eiga að kanna hvort nemendur eru á snyrtingum þegar þeir eiga leið fram hjá þeim.

Stuðningsfulltrúar bera ábyrgð á að fylgja þeim nemendum sem þeir eru að vinna með hverju sinni. Þeir eiga jafnframt að kanna hvort nemendur eru á snyrtingum þegar þeir eiga leið fram hjá þeim.

Viðbragðsáætlun vegna ófærðar og/eða óveðurs

Skólastjóri tekur ákvörðun um það hvort skólaakstur og þá um leið skólalald fellur niður vegna óveðurs og/eða ófærðar í samráði við skólabílstjóra. Skólastjóri getur jafnframt flýtt/seinkað heimakstri eða fellt niður akstur á tiltekinni akstursleið vegna óveðurs og/eða ófærðar í samráði við skólabílstjóra

Skólalaldi aflýst

Ákvörðun um hvort skólalaldi er aflýst er tilkynnt að morgni hvers dags eins fljótt og auðið er.

SMS skilaboð eru send forráðamönnum og starfsfólki. Starfsfólk metur í samráði við skólastjóra hvort og hvenær það kemst til vinnu.

Tilkynning er sett inn á heimasíðu skólans (www.floaskoli.is), Facebook og **Mentor** eins fljótt og auðið er.

Röskun á skólaakstri á einstökum leiðum

Ef upp koma aðstæður þar sem ekki er hægt að komast á skólabíl heim að einstökum bæjum vegna ófærðar og/eða óveðurs hefur bílstjóri samband við viðkomandi forráðamenn.

Foreldrum ber að láta skólabílstjóra vita ef heimreið er ófær og ekki hefur borist tilkynning um röskun á skólaakstri eða skólalaldi.

Ef skólabílstjóri metur aðstæður með þeim hætti að fella verði niður skólaakstur á hans akstursleið hefur hann samband við skólastjóra eins fljótt og auðið er.

SMS skilaboð eru send til forráðamanna og röskun á skólaakstri tilkynnt. Frekari upplýsingar um hvaða akstursleiðir falla niður eru settar inn á heimasíðu skólans (www.floaskoli.is) Facebook og **Mentor**.

Heimferð flýtt / seinkað

Ef flýta eða seinka þarf heimferð vegna óveðurs eða slæmrar veðurspár (**appelsínugul viðvörðun hjá Veðurstofu Íslands**) fá foreldrar SMS skilaboð með tímasetningu heimferðar. Tilkynning er einnig sett inn á heimasíðu skólans (www.floaskoli.is), Facebook og **Mentor** eins fljótt og auðið er.

Samband er haft við foreldra barna í 1. – 4. bekk, til að ganga úr skugga um að einhver taki á móti þeim, áður en skólabílar leggja af stað frá skóla.

Ábyrgð foreldra / forráðamanna

Mikilvægt er að foreldrar / forráðamenn fylgist með veðurspá og tilkynningum frá skóla. Hafa verður í huga að veður getur þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mismunandi eftir svæðum í hreppnum.

Mikilvægt er að foreldrar sendi börn sín aldrei í skólann ef þeir telja aðstæður hugsanlega ógna öryggi barnanna. Við slíkar aðstæður tilkynna foreldrar fjarveru barna sinna til skólans í síma 486-3460 eða með tölvupósti á netfangið: floaskoli@floaskoli.is

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs

Viðbrögð vegna heimsfaraldurs skulu vera í samræmi við lög um almannavarnir nr.82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Viðbragðsáætlun Flóaskóla er birt á heimasíðu skólans (www.floaskoli.is). Skipulag og aðgerðir sem gripið er til varðandi innra skipulag skólastarfsins eru samkvæmt þeim reglum sem settar eru hverju sinni af heilbrigðisyfirvöldum. Skólastjórnendur bera ábyrgð á því skipulagi.

Viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara

Flóaskóli fylgir leiðbeiningum almannavarna vegna náttúruhamfara svo sem jarðskjálfta, eldgosa og öskufalls.

Öryggisráð beinir árlega tilmælum til kennara að upplýsa nemendur um viðeigandi viðbrögð við hörðum jarðskjálfta. Þær leiðbeiningar sem gefnar eru byggja á leiðbeiningum frá almannavörnum ríkisins.

Ef það verður **jarðskjálfti** þarf að hafa eftirfarandi í huga:

- Í jarðskjálfta getur verið **hættulegt að hlaupa út** úr byggingu. Reynið frekar að leita skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyrá, t.d. úti í horni við burðarveggi fjarri gluggum.
- **Húsgögn** þarf að varast því þau geta hreyfst úr stað.
- Varist **hluti sem detta** úr hillum og skápum.
- **Ofnar og kynditæki** geta losnað – haldið ykkur fjarri þeim.
- **Lyftur** á ekki að nota. Húsvörður lætur fara yfir lyftur eftir að jarðskjálfti hefur orðið þar sem þær skekkjast oft í jarðskjálfta.
- **Rúður** þarf að varast því þær geta brotnað.
- Gott er að leggja á minnið orðaröðina: **KRJÚPA – SKÝLA – HALDA**.
- Leiðbeinið nemendum um að leita skjóls undir skólaborðum eða úti í horni við burðarveggi: Fara út í horn við burðarveggi, fara í hurðarop eða fara undir borð: **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér ef unnt er.

Ítarefni um viðbrögð við jarðskjálfta:

Varnir og viðbúnaður vegna jarðskjálfta:

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/varnir-gegn-jardskjalfta/>

Viðbrögð við jarðskjálfta:

<https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/>

12. Önnur verkefni

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Mikilvægt er að samstarf sé á milli leik- og grunnskóla til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun nemenda. Lög um leik- og grunnskóla og aðalnámskrár leggja áherslu á mikilvægi þessarar samfelli í uppeldi og menntun. Í aðalnámskrá leikskóla og aðalnámskrá grunnskóla sem komu út árið 2011 er lögð áhersla á að nám og uppeldi í grunnskóla byggji á fyrri reynslu og námi barna og skapi þannig hjá þeim öryggi og ný námstækifæri. Sú þekking og þau viðfangsefni sem börn þekkja úr leikskólanum verði grunnur sem grunnskólanámið byggist á, samhliða því að fá að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu.

Í aðalnámskrá leikskóla segir enn fremur: Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnst umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Einnig segir í aðalnámskrám beggja skólastiganna:

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra/forráðamanna, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli.

Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hver annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfelli í námi barna í því augnamiði að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra.

Leikskólinn Krakkaborg og Flóaskóli eru í samstarfi varðandi aðlögun leikskólabarna að grunnskólanum. Formlegt samstarf hófst árið 2004 og hefur síðan verið í stöðugri þróun. Samstarfið byggist á gagnkvæmum heimsóknum, vorskólaviku, samráðs- og skipulagsfundum og fræðslu fyrir foreldra/forráðamenn.

Markmið

- Að efla tengsl og samvinnu milli Flóaskóla og Krakkaborgar
- Að stuðla að velliðan og öryggi nemenda við flutning milli skólastiga
- Að nemendur leikskólans fái tækifæri til að kynnst umhverfi og starfi grunnskólans á meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.
- Að skapa samfelli í námi nemenda skólanna og efla þekkingu kennara á hæfni og getu nemenda við lok leikskóla
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi
- Að auka samstarf um fagleg málefni
- Að kennarar Flóaskóla kynnist elstu nemendum Krakkaborgar, getu þeirra og hæfni

Heimsóknir

Yfir skólaárið hittast elstu nemendur Krakkaborgar og nemendur í 1. bekk Flóaskóla reglulega. Að jafnaði er miðað við þrjár heimsóknir fyrir áramót og fjórar til fimm heimsóknir eftir áramót. Þessar heimsóknir eru skipulagðar með það í huga að efla tengsl nemenda, kynna skólana, starfsemina og umhverfið og vinna að sameiginlegum verkefnum. Heimsóknirnar fara að jafnaði fram fyrir hádegi, bæði í leik- og grunnskólanum en geta einnig verið í formi sameiginlegra vettvangsferða t.d. á bókasafnið, útivist. Skólarnir skulu einnig leitast við að bjóða nemendum hvors annars á uppákomur og sýningar, t.d. árshátíðir og leiksýningar. Kennarar beggja skóla vinna saman að vali á viðfangsefnum heimsókna og bera tengiliðir skólanna ábyrgð á skipulaginu.

Vorskóli

Um miðjan maí fara elstu nemendur Krakkaborgar í svokallaða vorskólaviku í Flóaskóla. Þá viku fara þeir í Flóaskóla alla daga og taka þátt í fjölbreyttu starfi skólans. Þeir fara meðal annars í tíma í sérgreinum. Þrjá fyrstu dagana koma nemendurnir úr leikskólanum og fara heim um hádegi. Tvo síðustu dagana er boðið upp á að nemendur séu sóttir að heiman með skólabíl og keyrðir heim með skólabíl að skóladegi loknum. Í vorskólanum skal leitast við að kynna fyrir nemendum sem flestar námsgreinar með áherslu á list- og verkgreinar, íþróttir og sund. Tímarnir eru ýmist skipulagðir af umsjónarkennurum og sérgreinakennurum Flóaskóla eða leikskólakennurum Krakkaborgar

Samráðs- og skilafundir

Í upphafi skólaárs funda skólastjórnendur ásamt tengiliðum skólanna og skipuleggja starf vetrarins. Dagsetningar á öllum heimsóknum eru ákveðnar, staðsetning, hver ber ábyrgð á skipulagi heimsókna o.s.frv.

Í apríl funda skólastjórnendur og kennarar frá báðum skólunum og fara yfir skipulag vorskólavikunnar.

Í lok skólaárs er lagt mat á samstarf Krakkaborgar og Flóaskóla og gerð drög að áætlun fyrir næsta skólaár.

Í apríl/maí er skilafundur vegna nemenda sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Fundinn sitja skólastjórnendur; umsjónarmenn stoðþjónustu beggja skóla ásamt þeim kennurum sem þurfa þykir. Leikskólinn ber ábyrgð á að öllum gögnum um viðkomandi nemendur, sem eiga að fylgja þeim milli skólastiga, sé skilað til grunnskólans

Samstarf grunn- og framhaldsskóla

Flóaskóli á í reglulegu samstarfi við FSu (Fjölbrautarskóla Suðurlands) og ML (Menntaskólan á Laugarvatni).

Í báðum skólum er opið hús þar sem foreldrar/forráðamenn og nemendur 10.bekkjar eru boðnir velkomnir. Boðið er upp á stuttar kynningar á starfi skólanna og svo fær fólk tækifæri til að ganga um skólana og skoða húsakynninn.

10. bekkjar nemendur í Flóaskóla fara á kynningardag í Menntaskólan á Laugarvatni. Kennari frá Flóaskóla fear með nemendum. Kynningin er á haustmánuðum. Nemendur og kennarar ML kynna gestum staðinn, húsakynni, námsgreinar, aðbúnað og félagslíf. Eftir síðdegisverð í boði skólans er nemendum og starfsmönnum grunnskólanna boðið á söngkeppnina Blítt og létt í íþróttahúsi skólans.

FSu býður upp á kynningu fyrir 10. bekkina á vorönn, þá fara umsjónarkennari og námsráðgjafi með hópnum í heimsókn þar sem nemendur fá kynningu og skoðunarferð um skólann.

FSu býður kennurum á elsta stigi til samráðsfundar í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Tilgangur fundarins er að stuðla að og efla samtal milli skólastiga. Gefa kennurum tækifæri til að bera saman bækur og skiptast á skoðunum. Skoða uppbyggingu námsins og innihald, fjarnámið sem nemendur úr þessum skólum stunda við FSu, kennsluaðferðir, námsgögn og námsmat svo fátt eitt sé nefnt.

Nemendum í unglingadeild sem sýna framúrskarandi árangur í einni eða fleiri bóklegum greinum stendur til boða að útskrifast fyrr úr skólanum í þeim greinum og stunda fjarnám frá FSu eða öðrum framhaldsskóla í viðkomandi greinum. Þau sinna þá framhaldsskólanámi sínu sjálfstætt í skólanum. Foreldrar, nemandi, kennari í viðkomandi grein og umsjónarkennari eiga samtal um þessa leið en endanleg ákvörðun er tekin á samráði við skólastjóra.

Stundum hefur nemendum í 10. bekk staðið til boða að stunda verknám í FSu í staðinn fyrir tvær kennslustundir í valgreinum í Flóaskóla á vorönn. Boð um slíkt er í höndum Fjölbrautaskólans.

Kennurum/starfsfólki Flóaskóla er boðið í FSu til að ræða málefni nemenda sem eiga við námsörðugleika að etja og fá kynningu á námsleiðum og íslenskukennslu fyrir nemendur af erlendum uppruna. Gerð er tilfærsluáætlun vegna nemenda sem fara inn á sérnámsbraut FSu. Stoðþjónusta Flóaskóla á í samstarfi við FSu um tilfærsluna, sérstakar kynningar og heimsóknir viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

Námsráðgjafi er í samvinnu við kennara elsta stigs um fræðslu fyrir nemendur um framhaldsnám og val á framhaldsskóla. Nemendur vinna verkefni og eru síðan með kynningu fyrir samnemendur.

Annað hvert ár fara nemendur í 9. og 10. bekk á Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu sem haldið er í Laugardalshöll. Mótið er haldið í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið, sveitarfélög og fagfélög iðn- og starfsgreina. Þar gefst tækifæri til að skoða námsleiðir framhaldsskólana, kynnast iðngreinum, spjalla við nemendur skólanna og jafnvel prófa handtökin sjálf.

Skólar á grænni grein - Grænfáni

Flóaskóli er þátttakandi í verkefni Landverndar, Skólar á grænni grein. Frá því haustið 2018 hefur verið unnið markvisst að því að innleiða Grænfána, alþjóðlega umhverfisvottun fyrir menntastofnanir. Gerð var úttekt á grænfánastarfinu í júní 2021 og fékk Flóaskóli formlega afhentan Grænfána á Degi íslenskrar náttúru, 16. September 2021. Áfram verður unnið að umhverfismálum samkvæmt viðmiðum Grænfána með verkefnastjórn og virku starfi umhverfisnefndar sem skipuð er fulltrúum starfsmanna og nemenda úr öllum árgöngum.

Verkefnastjóri er Ósk Unnarsdóttir, þroskaþjálfari

Heilsueflandi grunnskóli

Flóaskóli er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli sem stýrt er af Embætti landlæknis. Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla (2011) er *Heilbrigði og velferð* nú einn af sex grunnþáttum menntunar. Þátttaka í Heilsueflandi grunnskóla styður skóla í að innleiða þennan grunnþátt í öllu sínu starfi.

Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Skólar koma sér upp heildrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild. Formleg samþykkt frá Embætti landlæknis um þátttöku lá fyrir á vordögum 2021 og vinnur stýrihópur að innleiðingu verkefnisins samkvæmt leiðbeiningum og gátlistum sem því fylgir.

Verkefnastjóri er Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir, deildarstjóri

UNESCO

Í nóvember 2022 varð Flóaskóli UNESCO skóli. UNESCO (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization) er Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Á þess vegum er starfrækt alþjóðlegt samstarfsnet skóla sem kallast UNESCO-skólar. Meginmarkmið UNESCO er að stuðla að friði og öryggi í heiminum með því að efla alþjóðlega samvinnu á sviði menntunar, vísinda- og

menningarmála. Skólanet UNESCO hefur verið starfrækt frá árinu 1953 og nú eru um 12.000 skólar sem tilheyra netinu og starfa í 182 löndum um allan heim. UNESCO-skólar vinna eftir fjórum meginþemum – alþjóðasamvinna, starfsemi Sameinuðu þjóðanna, heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun og friður og mannréttindi.

Verkefnastjóri er Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir, deildarstjóri

Uppeldi til ábyrgðar

Í Flóaskóla er uppeldistefnan Uppeldi til ábyrgðar lögð til grundvallar í skólastarfinu. Flóaskóli hóf innleiðingu á Uppeldi til ábyrgðar vorið 2014 og frá því hefur Uppeldi til ábyrgðar verið leiðarljós í samskiptastefnu skólans. Verkefnastjóri hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnunnar innan skólans og er starfsmönnum til aðstoðar með ráðgjöf og stuðning. Reglulega gefst starfsmönnum kostur á að sækja námskeið og aðra fræðslu til að viðhalda þekkingu innan skólans og tryggja grundvallaráherslur í skólastarfinu. Í ágúst 2022 stóð öllum starfsmönnum skólans til boða að sækja grunnnámskeið 1.

Uppeldi til ábyrgðar er hugmyndafræði, aðferð og leið til að ýta undir:

- jákvæð samskipti
- sjálfstjórn og sjálfsaga
- ábyrgð á eigin orðum og gerðum
- að læra af mistökum í samskiptum
- að þekkja styrkleika sína

Stefnan felur í sér að efla ábyrgðarkennd og sjálfstjórn nemenda, auk þess að þjálfa þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Nemendum eru kenndar aðferðir við sjálfstjórn og sjálfsaga sem og hvernig maður lærir af mistökum sínum. Í upphafi hvers skólaárs vinna nemendur í hverjum árgangi ásamt umsjónarkennara sínum bekkjarsáttmála sem inniheldur gildi bekkjarins og leiðarljós í samskiptum auk annarra verkefna sem er að finna í verkfærakistu stefnunnar.

13. Sí- og endurmenntunaráætlun

Skólum er skylt að gera símenntunaráætlun sem gerir ráð fyrir þátttöku starfsmanna. Mikilvægt er að allir fái tækifæri til að eflast í starfi og styrkja faglega þekkingu sína og hæfni.

Símenntun fer fram á starfsdögum, reglulegum fundum starfsmanna auk þess sem starfsmenn sækja námskeið og/eða nám á starfstíma skóla til að efla sig og þróast í starfi. Þriðjudagar og miðvikudagar eru sameiginlegir fundartímar á starfstíma skólans. Þeir fundir eru m.a. nýttir til fagfunda um málefni sem tengjast skólastarfinu og þeim þróunar- og umbótaverkefnum sem unnið er að á hverjum tíma.

Starfsþróun starfsmanna má skipta í tvo megin hluta: Annars vegar til að byggja upp þekkingu og hæfni sem talin er nauðsynleg fyrir skólann og hins vegar þætti sem starfsmenn telja æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að viðhalda og bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Stjórnendur meta þarfir og skilgreina áherslur skólans út frá stefnu og sjálfsmati skólans. Á hverju skólaári eru starfsmannasamtöl þar sem m.a. er rædd starfsþróun starfsmanna. Óskir starfsmanna eru hafðar til hliðsjónar við gerð starfsþróunaráætlunar. Mikilvægt er að starfsmenn hafi fjölbreytt tækifæri til sí- og endurmenntunar til að tryggja að allir fái þjálfun og fræðslu við hæfi. Margar leiðir eru í boði og hér fyrir neðan má sjá dæmi um leiðir.

- Námskeið, fræðslufundir og ráðstefnur.
- Virk þátttaka í starfi faghópa tengdum skólastarfi.
- Umbóta- og/eða þróunarvinna innan skóla.
- Handleiðsla & jafningjaráðgjöf.
- Fjarnám.
- Vettvangsheimsóknir og/eða kennaraskipti.
- Les- og umræðuhópar.
- Sjálfsnám.

Flóaskóli er aðili að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíðar. Á hverju ári býður skólaþjónustan upp á námskeið fyrir starfsfólk skólanna á því svæði. Skipulag og innihald þeirra námskeiða og fræðslufunda er unnið í samráði við skólastjórnendur.

Skólaárið 2025 – 2026 verður lögð áhersla á eftirtalda þætti:

- Nám og kennslu, fjölbreyttar kennsluaðferðir, nemendastýrð viðtöl, námsmat og hæfniviðmið í námi með áherslu á leiðsagnarnám / leiðsagnarmat.
- Teymisvinnu þar sem áhersla verður lögð á áframhaldandi mótun og þróun á samstarfi, vinnubrögðum, skólabrag og skipulagi skólastarfsins
- Umhverfis- og útikennslu í samræmi við áherslur Grænfána
- Samþættingu námsgreina út frá grunnþáttum menntunar þar sem markmiðum heilsueflandi skóla, UNESCO og Grænfána með heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna í brennidepli eru flétuð inn í þemaverkefni á öllum stigum.
- Stoðþjónustu. Þróun og eflingu stoðþjónustu með áherslu á snemmtæka íhlutun.
- Endurskoðun skólanámskrár út frá endurskoðaðri aðalnámskrá.
- Unnið að endurskoðun Skólastefnu Flóahrepps.
- Mentor. Notkun á kerfinu efla og þróuð við námslotur, nemendaskrá, upplýsingagjöf til heimila og ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Samstarfs- og fagfundir eru á þriðjudögum og miðvikudögum og eru helgaðir þessum viðfangsefnum og er skipulagið sem hér segir:

Þriðjudagur	Miðvikudagur
• Kennarafundir • Starfsmannafundir • Teymisvinna	• Vinnufundir kennara • Mat á árangri stýrihópar og fagteymi • Fræðsla- og starfsþróun • Fundir árgangateyma • Samráð og samvinna • Þróun og innleiðing verklags